

Nd.

514. Nefndarátt

nm frmv. til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýra-
sjúkdómar berist til landsins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefir athugað frmv. þetta. Telur hún, að þinginn beri
að setja lög um þetta efni og að síst megi ganga skemra en landsstjórnin gerði
i tillögum sínum, er fólust í frmv. því, er lagt var fyrir háttv. Ed.

Mætti vissulega fremur að því finna, að helst til skamt væri gengið eftir tillögum stjórnarinnar. En því undarlegra má það heita, að háttv. Ed. skyldi verða til þess að draga stórkostlega úr þeim varúðarráðstöfunum, er fólust í frumv. stjórnarinnar.

Landbúnaðarnefnd telur þetta mjög illa farið. Hjer er um svo alvarlegt mál að ræða, að vjer álitum, að þingið megi ekkert láta ógert, er í þess valdi stendur, til varnar því, að veikin berist hingað til landsins.

Talið er, að smitunarhættan stafi mest af heyi og ýmiskonar jarðargróða (kartöflum, rófum, káli o. s. frv.) og mjólkurafurðum.

Vjer teljum þess vegna alveg sjálfsgagt, að innflutningur á öllum þessum vörum sje bannaður frá þeim löndum og landshlutum, þar sem ætla má, að hætta geti stafað af innflutningi þeirra. En þær ástæður verður stjórnin ásamt ráðunaut hennar að meta í hvert sinn, og því leggjum vjer til, að stjórninni sje veitt heimild til að veita undanþágur um nokkrar af þessum vörum, ef örugt má telja, að engin smitunarhætta geti af þeim stafað og sjerstök aðkallandi þörf væri fyrir eitthvað af þessum vörutegundum erlendis frá. En vjer væntum, að þó að þessi undanþága sje heimiluð, að þá hafi landsstjórnin góða aðgæslu í þessu efni. Og nefndin vill fyrir sitt leyti beina því eindregið til stjórnarinnar, að hún reyni af fremsta megni að hafa góða aðgæslu í þessu máli og gera sitt ítrasta til varnar því, að þessi voðaveiki berist hingað til landsins.

Einum nefndarmanna (Jör. B.) þykir þó of skamt gengið eftir breytingartillögu þeirri, er nefndin ber fram. Vill hann, að sumt af þeim vörutegundum, sem nefndar eru í brtt., verði undantekningarlaust bannaður innflutningur á, og hefir hann áskilið sjer rjett til að koma fram með breytingartillögu í þessa átt við frumvarpið.

Meiri hl. nefndarinnar leggur því til, að frumv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr. d-liðinn skal orða svo:

Mjólkurafurðum, eggjum, kartöflum, káli og öðru hraðvöxnu grænmeti, rófum og fódurkökum.

Þó getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu frá innflutningsbanni á vörum þessum í einstökum tilfellum og fyrir lönd og landshluta.

Alþingi, 15. mars 1928.

Lárus Helgason,
form.

Bernharð Stefánsson,
frsm.

Jörundur Brynjólfsson,
með fyrirvara.

Einar Jónsson. Jón Ólafsson,
fundaskr.